

## **Fundargerð 14. fundar skráningarráðs fimmtudaginn 20. janúar 2005.**

Haldinn í fundarherbergi á 3. hæð Borgartúni 37, kl. 14-16.50

Fundarmenn: Auður Gestsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir (fundarritari), Hulda Ásgrímsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

Auk þess sátu fundinn Ragna Steinarsdóttir, ritstjóri efnisorða, Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gagnis og Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

### **1. Fundargerðir síðustu tveggja funda samþykktar.**

### **2. Notkun skráningarheimilda og**

### **3. gæðaeftirlit – Þessir liðir voru ræddir samhlíða**

*Rædd voru drög að reglum um afturköllun skráningarheimilda sem lagðar voru fyrir skráningarráð á fundi þess 21. júní 2004. Tillögur að breytingum ræddar. Hverjir eru með skráningarheimild og hverjir þurfa á þeim að halda? Skjal sem Dögg og Árni höfðu unnið, með yfirliti yfir þá sem hafa skráningarheimild, var kynnt og rætt. Ca. 150 notendur hafa heimild í skráningarpætti Gagnis en flókið er að sjá raunverulega skrásetjara. Um helmingur heimilda er á Lbs.-Hbs. 8 skrásetjarar úti á landi eru með skráningarheimild 40.*

Nauðsynlegt er að yfirfara þennan lista.

Rétt er að ritstjóri Gagnis skoði hverjir eru raunverulega að skrá, hvaða heimildir þeir þurfa og beri saman við Vöndu.

Rætt var um hvernig ætti að standa að gæðastjórnun í Gegni. Nauðsynlegt er að missa ekki tókin á skráningarheimildum og tryggja þarf að skrásetjarar geti einbeitt sér að skráningunni. Það hefur áhrif á gæði skráningar ef skrásetjari verður fyrir stöðugu áreiti vegna annarra verka.

*Yfirferð á færslum:* Varðandi það að fylgjast með því hvernig skrásetjarar standa sig er ljóst að mjög erfitt er að fylgjast með hver gerir hvað, því einungis er hægt að sjá hver býr til eða breytir færslu en ekki hverju er breytt eða hvernig. Skráningarráð var einhuga um að tvennskona gæðaeftirlit væri nauðsynlegt:

- Annars vegar að gera stikkprufur í kerfinu, þ.e. draga út færslur á ákveðnum tímamörkum og yfirfara og

- hins vegar að ákveðnir skrásetjarar fái e.k. mentorhlutverk og hafi það hlutverk að leiðbeina þeim sem gengur illa. Þetta var rætt ítarlega á fundinum m.a. m.t.t. til kostnaðar við eftirlit og vinnuálags skrásetjara.

Samþykkt var að biðja Landskerfi bókasafna um að draga út nýjar færslur í Gegni til yfirferðar tvo daga í næstu viku (24. – 28. janúar) og Hildur myndi síðan deila þeim út til yfirferðar. Nauðsynlegt er að draga færslur reglulega út úr Gegni til yfirferðar.

*Bodleiðir varðandi villur í skráningu:* Rætt var um hvernig væri réttast að koma boðum um villur í Gegni á framfæri.

- Skráningarráð mælir með að sá sem uppgötvar villuna hafi samband við skrásetjara færslunnar beint. Til þess að það sé hægt þarf að vera opinbert hver er bak við notandanafnið og var samþykkt að Sigrún gerði lista með notandanafni, nafni skrásetjara og vinnustað og setti hann á þjónustuvef Landskerfis.

- Mikilvægt er að ábyrgðin um að láta vita um villur sé í höndum skrásetjara og var samþykkt að Þórdís og Hildur gerðu drög að erindisbréfi skrásetjara og legðu fyrir næsta fund. Þetta erindisbréf væri afhent skrásetjara um leið og hann fær viðurkenningu um að hafa sótt skráningarnámskeið hjá Landskerfi bókasafna og væri "samþykkt skráningarráðs Gagnis um skyldur skrásetjara."

#### **4. OCLC – Þarf skráningarheimild?**

Erindi frá Menntaskólanum frá Ísafirði barst skráningarráði 17. janúar 2005, um að skólanum yrði veitt skráningarheimild. Skólanum hefur verið veittur aðgangur að OCLC færslum.

Fram kom á fundinum að nauðsynlegt er að skrásetjarar breyti og aðlagi þær færslur sem sóttar eru í OCLC að þeim viðmiðunarreglum sem samþykkt hefur verið að beita í Gegni. Menntaskólinn á Ísafirði þarf að gera þjónustusamning við safn sem klárar skráninguna. Til þess að fá skráningarheimild þarf að uppfylla skilyrði skráningarráðs. Erindinu var hafnað. Þóra ætlar að svara bréfi.

#### **5. Námsritgerðir**

Tekið var fyrir bréf frá Júlíönu Lárusdóttur hjá Háskólanum á Akureyri, þar sem fram kom að mikil vandræði skapist eftir að námsritgerðir voru alfarið fluttar í sýndargrunn. Vandamálið felst m.a. í því að þá getur þurft að tvískrá ritgerðir sem eru keyptar sem almennt efni til útláns hjá bókasöfnum.

Samþykkt var að Sigrún tæki að sér að flytja námsritgerðirnar aftur inn í Gegni þannig að þær væru aðgengilegar notendum ásamt öðru efni, en jafnframt verða þær áfram aðgengilegar í námsritgerðagrunninum.

#### **6. Marksniðið**

Íslensk þýðing Guðrúnar Karlsdóttur á Marc21 kynnt og rædd. Fundarmenn ákváðu að skoða marksniðið betur og bera saman við þýðingu Sigbergs á eldra marksniði fyrir næsta fund.

Nauðsynlegt er að tryggja að samræmi sé milli ákvarðana skráningarráðs um kóðanotkun og lágmarksskráningu annarsvegar og marksniðsins og skráningarkennslu hins vegar.

#### **7. Önnur mál**

Samþykkt var að Auður setti stutta áminningu á Vöndu um 690, 692 og 693 sviðin.

Fundi slitið kl. 16.50